

Sinfóníu- tónleikar

Tónlist

eftir JÓN
ÁSGEIRSSON

Efnisskrá:
Händel **Flugeldasvitan**
Haydn **Óbókonert**
R. Strauss **Óbókonert**
R. Strauss **Svíta úr óperunni**
Rosenkavalier
einleikari: Maurice Bourgue
Stjórnandi: Jean-Pierre Jacquillat



Maurice Bourgue




Jean-Pierre Jacquillat

Tónleikarnir hófust á Flugeldasvítunni eftir Händel. Verkið var upphaflega flutt í tilefni friðarsamkomulags milli Frakka og Englinga af feiknalegri lúðrasveit, en er nú á tímum venjulega leikið í raddsetningu eftir Sir Hamilton Harty. Samkvæmt því, sem sagt er í efnisskrá fyrir tónleikana, virðist vera farið eftir „textabókum“ er þekkt aðeins þá gerð verksins. Ef samband væri milli þeirra er sjá um efnisskrána og hlómsveitarinnar, hefði ekki verið óvildráðanlegt að geta þess hver bjó verkið út fyrir sinfóníuhljómsveit, því ekki var þetta raddsetning eftir Sir Hamilton Harty. Raddsetningin var allt önnur og röð kaflanna ekki sú sem talin er upp í efnisskránni.

myndun, ekki aðeins markmið í sjálfri sér, heldur samofin túlkuninni, er veitir ótakmarkað frelsi til samvista við „músurnar“. Tónleikunum lauk með Svítunni sem Strauss samdi upp úr óperu sinni, Rosenkavalier og bregður þar fyrir mörgu skemmtilegu. Það var sagt um Strauss að „úr mjóum þræði gæti hann ofið þykkann kaðal“ og er þetta ekki fráleit lýsing, því fáum hefur tekist að raddsetja fyrir hljómsveit á jafn skrautlegan máta, án þess að missa tókin á framvindu tónsmíðarinnar.

Hljómsveitin gerði margt vel á þessum tónleikum og það var greinilegt, að hljómsveitarstjórninn var í essinu sínu.

Eftir forleikinn átti, samkvæmt efnisskrá, að koma hægur „friðar“ þáttur, Largo alla siciliana, en í staðinn var leikinn Bourree-dans þáttur, sem í raddgerð Hartys er leikinn síðast með Menuett-þáttunum. Raddsetning mun vera eftir Wilhelm Pfannkuck (Pönnukaka) og hefði verið sjálfsgöð kurteisi að tilgreina það í efnisskrá, svo og þáttaskipan. Næst á efnisskránni var flutningur tveggja óbókonserta eftir Haydn og Strauss. Einleikarinn Maurice Bourgue er stórkostlegur flytjandi. Tækni hans er ekki aðeins bundin við fingralipurð og tón-



Carl Fredrik Hill

Myndlíst

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

Í Kjarvalsall að Kjarvalsstöðum stendur yfir mjög sérstæð sýning á teikningum eins merkasta myndlistarmanns Svíþjóðar á seinni hluta síðustu aldar og fram á þessa öld, Carlis Frederiks Hill (1849–1911). Er hér einstakt tækifæri fyrir þá er áhuga hafa á list þessa hugsjúka snillings, að skyggast inn í lokada veröld hans og hugarheim. Ég býst fastlega við að margir íslenskir myndlistarmenn muni þekka til þessa snillings og órlaga hans en hann var haldinn kleyf-hugasýki meira en hálfra ævi sína og var honum líkt farið og landa hans og samtíðarmanni Ernst Josephson, sem mun öllu þekktari meðal héraendna.

Að listamenn séu á mörkum þess að vera geðveikir telst ekki óalgengt og kleyf-hugar munu þeir hafa verið margir að meira eða minna leyti, en það er hins vegar óalgengara að blómaskeið listar þeirra spanni þann tíma er sjúkdómurinn hrjáir þá mest. Frekar að þeir gerðu sín mestu listaverk er bráði af þeim, og á það einnig við um eiturlyfjaneytendur og alkóhólistar er gengu berserksgang í list sinni á milli þess sem sjúkdómurinn sótti á þá. Sagan segir einungis frá örfáum er nutu

sín betur undir áhrifum vímuefna eða geðveikikíasta.

Það er hins vegar alþunna, að geðveikt fólk og vangefið getur oft tjáð sig öðrum betur í línum og litum, en það hefur sínar eðlilegu orsakir, — tjáskiptin eru þá einatt beinni og hömlulausari en hjá venjulegu fólki og á stundum eini möguleikinn til tjáningar.

Það er allt annað mál, að þjóðsagan vill gjarnan gera listamenn smáskrítna og öðruvísi en fólk er flest og raunar ýta þeir sjálfir oft undir þetta til að auka athygli og eftirtekt á persónu sinni. En það er þessu með öllu óskyld og oftar eru listamenn mjög venjulegt fólk en sem hefur valið sér óvenjulegt hlutskipti í lífinu, sem er ofar skilningi fjöldans.

Ég hef séð heilmikið af myndum eftir Carl Fredrik Hill enda margoft komið til Malmö þar sem mesta og besta safnið er af þeim. Þá hefur verið gefið út mikið ritverk með fjölda mynda listamannsins og þekki ég það vel. Bókin var einmitt til sýnis á sýningunni að Kjarvalsstöðum, sá ég fólk fletta í henni og hlakkaði til að nálgast hana seinna. Fljótlega skeði það þó, að einhver „grandvar og heidarlegur“ maður tók hana í vörslu sína með öllu óumbeðinn. En þar hvarf mikilvægur og mér er nær að halda ómissandi hluti sýningarinnar því að hún sjálf megnar ekki að kynna

þennan listamann nægilega vel. Teikningarnar njóta sín t.d. mun betur á hvítum blaðsýðum bókarinnar en á hinum brúna umbúðapappír, sem þær eru teiknaðar á, en það var gert í sparnaðarskýni vegna óhemju afkasta listamannsins. Ekkert er það sem einangrar myndirnar á veggjunum og fyrir merkilega einhæfa og sérvizkulega upphengingu hverfa myndirnar næstum inn í strigaklædda veggina. Þetta gerir þá kröfu til áhorfandans að hann rýni vel og gaumgæfilega á hverja mynd því að ella missa þær marks. Ég sá nokkra gera slíkt en obbinn hleypur hratt yfir og er það mjög skiljanlegt. Á hinum hvítu veggjum Malmö Konsthall t.d. trúir ég að myndirnar skili sér margfalt betur.

Ágæt sýningarskrá fylgir sýningunni með ítarlegri kynningu á lífi, list og sjúkdómssögu listamannsins og er það þýðingarmikið að verða sér úti um hana um leið og menn gefa sér rúman tíma við skoðun myndanna.

Að lokum hvet ég sem flesta að leggja leið sína á Kjarvalsstaði og kynna sér hinar tjáningarríku undirfurdulegu myndir Carls Frederik Hill.

úrskarandi vel. Leikhúsið getur ekki síst verið stolt af leikurum sínum sem leika af lífi og sál.

Þráinn Karlsson í hlutverki Brjálaðingsins (Dárans) er málþá höfundarinn, leikur sér að því að hafa lögreglustjórnann, lögreglulltrúana og lögregluþjónana að háði og spotti og nær sannfærandi tókum á þessu erfiða hlutverki.

Annar leikari af norðlenskum skóla, Arnar Jónsson, hefur ekki lengi leikið á jafn áhrifamikinn hátt og í hlutverki lögreglustjórans. Ýmislegt sem manni hefur þótt miður í fari leikarans, einkum hástemmd framsögnin, er eins og gufað upp.

Bjarni Ingvarsson kom á óvart í hlutverki Pissanis fulltrúa fyrir það hve leikur hans var heilsteyptur og túlkunin gjörhugsuð.

Viðar Eggertsson lék hinn vandráðalega Bertozzo fulltrúa og gerði honum þau skil sem ætlast var til. Björn Karlsson var hinn heimski og syfjádi lögregluþjónn (tvö stykki), dæmigerður fulltrúi þess sem aðeins hlýðir skipunum. Elísabet B. Þórisdóttir var trúverðug ítölsk blaðakona, Maria Feletti.

Það skal að lokum áréttað að hinn nýi samastaður Alþýðuleikhússins, Hafnarbíó, er nú vettvangur leiklistar sem eflaust á eftir að gleðja marga. Sýningarnar á leikritum Dario Fos eru leikhúsinu mikill ávinningur.

AÐEINS 25% ÚT, OG ÞÚ FERÐ HEIM MEÐ HUSQVARNA ELDAVÉL. RESTINA BORGARÐU Á NÆSTU 5—8 MÁN.

HUSQVARNA verksmiðjurnar framleiða eldavélar sem eru allt frá því að vera einfaldar 3ja hellna vélar með einum ofni og geymsluofni, til fullkominna eldavéla með keramik helluborði, 2 ofnum, efri ofninn sjálfhrensandi, tölvustýrðu klukkuborði, sem hægt er að tengja við ofn og hellu. Vélar eru til í breiddum: 50 — 55 — 60 og 70 cm. Hellurnar eru fljótvirkar, og ofninn hitnar á 6 mín. HUSQVARNA hefur fengið sérstaka viðurkenningu fyrir að framleiða sérlega sparneytnar eldavélar.

Verðið er frá: 2891,- til 6832,-
Þetta tilboð gildir til 1.3. '81.



Gunnar Ásgeirsson hf.
Suðurlandsbraut 16 Sími 91 35200



Við kynnum Husqvarna